

Miðvikudaginn 24. febrúar 1943.

Nr. 88/1942. **Firmað Ó. Jóhannesson** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Lárus Jóhannesson).

Lögtak og meðferð máls fyrir fógetarétti ómerkt.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða úrskurð hefur upp kveðið Jóhann Skapta-son, sýslumaður í Barðastrandarsýslu.

Með úrskurði ríkisskattanefndar 8. apríl 1942 var áfrýj-anda gert að greiða viðbótar tekju- og stríðsgróðaskatt af tekjum hans árið 1940. Með því að hann taldi sér ekki skylt að greiða viðbót þessa, var byrjað lögtak hjá honum í fóg-etarétti Barðastrandarsýslu hinn 26. júní 1942. Ólöglerður fyrirvarsmaður áfrýjanda mótmælti í fóg-etaréttinum hin-um umkröfðu gjöldum „sem of háum og þar af leiðandi ranglega á lögðum“, en tilgreindi ekki þær ástæður, sem hann áður hafði haft uppi fyrir ríkisskattanefnd. Fóg-eti innti áfrýjanda ekki eftir ástæðum fyrir mótmælunum og leiðbeindi honum ekki, svo sem honum bar skylda til eftir 114. gr. sbr. 223. gr. laga nr. 85/1936. Þá er og úrskurði fóg-eta mjög ábóta vant. Þar greinir hvorki aðilja málsins né lögtakskröfu, og niðurstöðu sína reisir fóg-eti á því, að mótmæli áfrýjanda séu almenns eðlis, en um þau átti fóg-eti að leiðbeina honum, eins og áður segir. Hefur fóg-eti því ekki gætt fyrir mæla 1. málsg. 193. gr. sbr. 223. gr. laga nr. 85/1936.

Vegna framangreindra megingalla verður ex officio að ómerkja alla meðferð málsins fyrir fóg-etaréttinum svo og hinn áfrýjaða úrskurð og eftirfarandi lögtaksgerð og vísa málinu heim til löglegrar meðferðar.

Áfrýjandi, hefur krafizt málskostnaðar, og þykir eftir atvikum rétt, að stefndi greiði honum kr. 500.00 í máls-kostnað fyrir hæstarétti.

Víta verður héraðsdómara fyrir framangreinda löglausa meðferð málsins.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður, meðferð málsins fyrir fógetarétti og eftirfarandi lögtaksgerð eiga að vera ómerk, og visast málinu heim til löglegrar meðferðar.

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. rikissjóðs, greiði áfrýjanda, firmanu Ó. Jóhannessyni, kr. 500.00 í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úskurður fógetaréttar Barðastrandarsýslu 26. júní 1942.

Hin umkröfðu gjöld eru lögð á gerðarpóla af rikisskattaneftnd, eftir að athuguð hafa verið framtöl gerðarpóla fyrir árin 1931 til 1939 og eftir að gerðarpóla hafði gefizt kostur á að gefa nefndinni skýringar og leiðbeiningar þær, sem hann taldi, að skiptu máli um skattskylduna. Hin framkomnu mótmæli eru almenns eðlis, en gerðarpóli bendir ekki á nein sérstök atriði, sem hann telur, að geti valdið sýknu hans. Mótmælin geta því ekki orðið tekin til greina, og verður gerðin að ná fram að ganga.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð á fram að fara á ábyrgð rikissjóðs, en á kostnað gerðarpóla.

Föstudaginn 26. febrúar 1943.

Nr. 9/1943. **Bjarni J. Jóhannesson**

gegn

Guðmundi H. Þórðarsyni og Jóni Eiríkssyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Bjarni J. Jóhannesson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til rikissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.